



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Þriðjudaginn, 5. júní 2007

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar þriðjudaginn 5. júní 2007, kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Formaður, Þorgils Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Erindi frá SAH Afurðum.

Sigurður Jóhannesson framkvæmdastjóri sækir um framhaldsstöðuleyfi fyrir 6 – 7 frystigáma á lóðinni við Hafnarbraut 2. (Féll niður á síðasta fundi.)

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir umsóknina og veitir stöðuleyfi til eins árs. Sigurður Jóhannesson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

2. Erindi frá Hafissetri.

Erla Gunnarsdóttir forstöðumaður Hafisseturs óskar eftir því að fá að setja upp skilti við eða í nágrenni við hringtorg við Hnjúkabyggð.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt, þ.e. stöðuleyfi til eins árs að fengnu samþykki lóðarhafa. Enn fremur bendir nefndin á þá lausn að nota þjónustuskilti í anda Vegagerðarinnar. Nefndin beinir þeirri ósk til bæjarstjórnar að hún hlutist til um að sett verði upp bæjarskilti þar sem fyrirtæki gætu auglýst starfsemi sína á einum stað.

3. Erindi frá Margréti Einarsdóttur og Jóni Sigurðssyni v/ Árbrautar 12.

Óskað er eftir leyfi til að stækka núverandi sólpall og setja niður heitan pott við húsið að Árbraut 12.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt enda sé frágangur setlaugar í samræmi við 69. gr. byggingarreglugerðar.

4. Erindi frá Jóni Albert Óskarssyni v/Árbrautar 5.

Óskað er eftir leyfi til að gera breytingar á svalaopi að Árbraut 5 skv. meðfylgjandi myndum.

Afgreiðsla: Breytingar á svalaopi samþykktar en óskað er eftir viðeigandi teikningum vegna svalabyggingar.

5. Erindi frá Þorgils Magnússyni f.h. Hestamannafélagsins Neista.

Sótt er um breytingu á legu vegslóða innan námusvæðis skv. meðfylgjandi teikningu.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt. Þorgils vék af fundi undir þessum lið.

6. Deiliskipulag

Lögð fram til kynningar frumdrög deiliskipulags milli Hólabrautar (Heiðarbrautar) og Ennisbrautar, unnin af Yngva Þór Loftssyni hjá Landmótun.

Afgreiðsla: Til áréttingar, þá verði 11 einbýlishús og 10 parhús á svæðinu við Hólabraut. Óskað er eftir skilgreiningu á hámarkshæð húsa og athugað verði hvort lækka megi land í fremstu byggingaröð (á brekkubrún). Þá verði skoðað að takmarka umferðarhraða í hverfinu. Að öðru leyti hvetur nefndin til þess að lokið verði deiliskipulagi á svæðinu hið bráðasta og niðurstaða kynnt á fundi með skipulags-, byggingar- og veitunefnd.



7. Önnur mál

Óskað var eftir upptöku liðarins önnur mál og samþykkti fundurinn það.

A) Erindi frá Snjólfí Gunnlaugssyni v/ Mýrarbrautar 6.

Óskað er eftir leyfi til byggingar á sólpöllum beggja vegna húss.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt, en skriflegt samþykki þarf að liggja fyrir frá næstu nágroñnum.

B) Erindi frá Rut Guðfinnsdóttur v/ Aðalgötu 23 (Dýralæknisbústaður)

Óskað er eftir leyfi til að byggja sólpall og skjólvegg á lóð Aðalgötu 23 samkvæmt bréfi og teikningum.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:00.

F.h. byggingafulltrúa, Eyjólfur Þórarinsson (sign.)

F.h. Brunavarna A-Hún, Andrés I. Leifsson (sign.)

Guðmundur Karl Ellertsson (sign.)

Sigurður Jóhannesson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Ragnar Ingi Tómasson (sign.)